



Haust 2024

Ágætu félagar.

Skólastarfið er hafið eftir frekar svalt sumar. Eins og segir í ljóðlínunum hér að neðan þá kom haustið snemma. Við látum það ekki hafa áhrif á starfið með nemendum og mætum af fullum krafti til að kenna þeim um uppbyggingu sjálfsaga – uppeldi til ábyrgðar. Ofarlega í huga okkar eru þeir hræðilegu atburðir sem hafa verið í gangi meðal ungmenna á landinu. Mikilvægt er að starfsfólk skólanna nýti aðferðir uppbyggingar til að leiðbeina nemendum um allt sem uppbyggingin getur hjálpað okkur með í samskiptum. Förum vel yfir þætti uppbyggingar eins og öryggi, tilfinningar, hafa stjórn á gjörðum og orðum og hvernig hver einasti einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til að gera samfélag okkar kærleiksríkara og í takt við lífsviðhorf okkar. Verum til staðar fyrir ungmennin okkar, hlustum og ræðum saman.

*Veðurbarin tré er vetri kvíða visna upp,  
á móti strengjum stríða. Haustið kemur  
fyrir en oftast áður æsast vindar,  
magnast frostsins gráður.*

(Úr ljóðinu Hugleiðingar um haustið eftir Má Elíson)

Ný stjórn Félags uppbyggingar sjálfsaga er búin að halda sinn fyrsta stjórnarfund þar sem rætt var um vetrarstarfið. Markmið okkar er að gera okkar besta í að aðstoða ykkur við að efla uppbyggingastarfið þannig að þið, nemendur ykkar og allt starfsfólk skólanna blómstrið í störfum ykkar.

Í vor, sumar og haust fóru fram námskeið á ýmsum stöðum á landinu auk hvatningafunda og kynningafunda í hinum ýmsu skólum. Árlega sækja um 1500 starfsmenn leik- og grunnskola fræðslu á vegum félagsins. Auk þess hafa leiðtogar innan skólanna stýrt upprifjun og styttri fræðslu með samstarfsfólki. Þess má geta að í ár voru og verða námskeið og fræðslufundir á Suðurnesjum, Austfjörðum, Austurlandi, Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu.

Á þessu hausti bjóðum við upp á námskeið sem þið hafið oft beðið um og við vitum að starfsmenn hafa beðið eftir en það er Restitution II og Control Theory. Námskeiðin verða haldin í Reykjavík. Rebecca Gray frá Kanada verður með námskeið fyrir þá sem eru komnir með mikla reynslu og búnir með grunnnámskeið. Hún verður með námskeiðið Restitution II 7.-8. okt og Control Theory 10.-11.okt. sjá auglýsingu og skráningu á heimasíðu félagsins. Stjórnin hefur ákveðið að bæta nokkrum sætum við svo um að gera að skella sér – núna er tækifærið.

Stjórn félagsins hlakkar til að eiga með ykkur uppbyggjandi vetur og biður ykkur endilega að hafa samband ef við getum eitthvað aðstoðað ykkur.

Með kveðju, f.h. stjórnar  
Guðbjörg M. Sveinsdóttir  
[gudbjorgmsv@gmail.com](mailto:gudbjorgmsv@gmail.com)

formaður Félags um uppbyggingu sjálfaga